

Haruni



Nokkrir punktar um sjalið

Ef þú hefur einhverja reynslu af þríhyrningslaga sjólum sem þrjónuð eru frá toppi og niður, þá er þetta tiltekna að mestu leyti eins. Þú ert að búa til 1 stóran þríhyrning sem samanstendur af tveimur minni námkvæmlega eins þríhyrningum, með einskonar hrygg sem liggur eftir miðju sjalsins. Löguninni er náð með því að auka út í köntunum sem og sinn hvoru megin við miðjulykkjunni. Þú munt að mestu leyti auka út um 4 lykkjur í hverri umferð á réttunni – 1 lykkja á hægri kanti, 2 í miðjunni og 1 á vinstri kanti. Í einhverjum umferðum eykur þú út um 8 lykkjur. Allar útaukningar falla inn í munstrið. Í teikningu B þá breytist útaukningatiðnin, þar sem þú eykur tiltölulega hratt út í umferðum 1-15 en framkvæmir hins vegar úrtökur í síðustu 13 umferðum. Vinsamlegast skoðaðu munsturteikninguna til að sjá uppbygginguna á sjalinu.

Efni & áhöld

Garn: Knit Picks®, Stroll Tonal Sock Yarn, 462 yards (100 g), 1.25 hespa

Þrjónar: 3.5 mm, hringþrjónn, að minnsta kosti 60 cm, eða sú breidd sem þar til að fá rétta þrjónafestu


Önnur áhöld: Þrjóna merki, títtiprjónar og/ eða strekkivír

Mál

Mál: 24 lykkjur og 32 umf = 4" (10 cm) í sléttuprjóni, eftir strekkingu

Endanleg stærð: 23" (58 cm), langt niður, 45" (114 cm), yfir axlir, eftir strekkingu.

LEIÐBEININGAR



Uppsetning

Þetta sjal hefst á garðaprjónshluta. Hægt er að nota tvær aðferðir við að fitja upp: Byrjaðu á að hekla smá lengju (7-8 lykkjur). Snúðu keðjunni og náðu í 3 lykkjur úr bólunum sem eru á bakhliðinni (http://www.youtube.com/watch?v=rt_s4PuLFTc). Prjónaðu eina umferð, næstu 6 umferðir eru eins: taka 1 óprjónaða (eins og um slétta lykkju væri að ræða), 2 slétt. Og svo er hin: notaðu bráðabirgðauppfit (<http://www.youtube.com/watch?v=DXp8rUNxJtY>), og fitjaðu upp 3 lykkjur. Taktu eina óprjónaða brugðið, prjónaðu síðan 2 lykkjur slétt. Óprjónaða upphafslykkjan ætti að vera frekar laus þannig að þú getir betur lagt sjalið í mál þegar þú ert búin með það. Óprjónaða lykkjan skapar fallettri frágang á kantinum. Þú mátt líka alltaf prjóna fyrstu lykkjuna ef þú kýst það frekar. Endurtaktu þessa umferð fimm sinnum í viðbót. Eftir sjöttu umferð skaltu snúa stykkinu og taka upp 3 lykkjur meðfram, 1 í hverjum garði. Rektu upp bráðabirgðauppfitið og settu þessar 3 lykkjur upp á prjóninn í vinstri hendi og taktu upp 3 lykkjur til viðbótar. Alls ertu með 9 lykkjur. Snúðu við. 1 óprjónuð, 2 sléttar, 3 brugðnar, 3 sléttar, snúðu við. Nú ertu tilbúin/n til að byrja á munsturteikningu A.

MUNSTUR A – Yfirlit

Þessi teikning sýnir aðeins helminginn af sjalinu. Þar að auki eru 7 lykkjur til viðbótar sem ekki sjást á teikningunni. Þessar 7 lykkjur eru þínar fyrstu 3, síðustu 3 og miðjulykkjan. Til að prjóna yfir heila umferð, taktu 1 óprjónaða, 2 sléttar, prjónaðu samkvæmt teikningu frá hægri til vinstri, prjónaðu miðjulykkjuna, endurtaktu munsturteikninguna frá hægri til vinstri og endaðu á 3 sléttum. Önnur hver umferð (rangan) er prjónuð á eftirfarandi hátt 1 óprjónuð, 2 sléttar, prjónaðu brugðið þar til 3 lykkjur eru eftir, 3 sléttar.

Að lokinni umferð 32 endurtekur þú umferðir 17-32 4 sinnum í viðbót. Í þessum umferðum endurtekur þú munstrið í reitnum eins oft og hægt er í hverri munsturumferð.

Eftir 4 endurtekningar þá hefur þú 12 stafi á hvorn helming og alls 249 lykkjur. Stafurinn er slétta lykkjan á milli lóðréttu uppsláttarparanna. Ef þú vilt gera þetta sjal stærra eða jafnvel minna, þá þrjónar þú einfaldlega fleiri eða færri endurtekningar í þessum hluta. Hver endurtekning bætir við 40 lykkjum. Gakktu úr skugga að vera með slétta tölu í stafafjölda áður en þú færir þig yfir í teikningu B. Gerðu ráð fyrir um það bil 50% af garni í teikningu B.



MUNSTUR B- Yfirlit

Í teikningu B eykur þú hratt út fyrstu 15 umferðirnar en fækkar svo lykkjunum per umferð í síðustu 13 umferðum. Þessi teikning sýnir eins og MUNSTUR A aðeins hálf sjalið. Ólíkt MUNSTRI A þá eru kantlykkjurnar sýndar og er það vegna þess að þær breytast frá og með umferð 17. Allar umferðirnar á röngunni eru þrjónaðar áfram á sama hátt og í MUNSTRI A. Miðjulykkjuna vantar samt sem áður á teikningunni. Í umferðum 1-15 þá heldur hún áfram að vera stök slétt lykkja.

Í fyrstu 15 umferðunum á teikningunni, þá ertu að búa til lauf, en fækkar um leið lykkjunum á milli para. Hvor helmingur verður að byrja OG enda á laufapari sem miðjulykkjan kemur á milli. Til að þrjóna heila umferð af teikningu B, þá byrjar þú að lesa frá hægri til vinstri og endurtekur alla teikninguna að frátöldum kantlykkjunum þremur, og endar síðustu endurtekninguna á fyrri helming hálfra vegu í gegnum teikninguna, með síðustu gulu lykkjuna. Þrjónaðu miðjulykkjuna (ekki sýnd á teikningu), og endurtaktu fyrir seinni helming með því að byrja OG enda á gula hlutanum og ljúktu umferðinni með því að þrjóna 3 sléttar. Ef þú ert að þrjóna eftir teikningunni þá gæti það hjálpað þér að styðjast einnig við rituðu leiðbeiningarnar til að ganga úr skugga um að þú skiljir uppbygginguna rétt.

Í umferð 17-27, þá minnkar þú laufinn en eykur á móti út á milli þeirra, (sýnt í bleiku) EKKI á milli laufapara. Þegar þú kemur að laufunum 4 (2 pör) sem mynda miðjuna á sjalinu, þrjónaðu þá útaukningahlutann (sýnt í bleiku) á milli ALLRA laufana. Eftir umferð 17 hefur þú ekki lengur neina miðjulykkju, heldur verður þú með miðjuhluta sem sýnt er í bleiku.

Kantlykkjurnar 3 breytast í 17 umferð – Fyrsta úrtakan mun eyða út uppslættinum úr fyrri munsturumferð. *Síðustu kantlykkjurnar verða, sláðu upp á þrjón, þrjónaðu 2 sléttar saman, 2 sléttar, í stað þess að þrjóna 3 sléttar.* Taktu líka eftir sérstöku lykkjunum í umferð 17. Sérstöku lykkjurnar tvær eru framkvæmdar sem tvöfalda úrtöku FYRIR UTAN þær á allra fyrsta og allra síðasta laufinu í hvorum helming, sem eru þá einfaldar úrtökur.

Þrjónaðu síðustu umferðina (á röngunni) *mjög* lauslega til að auðvelda þér affellinguna.

AFFELLING

Ef þú notaðir mjög fínt garn þá gæti verið ráð að hafa garnið tvöfalt við úrtökuna til að styrkja kantinn.

1. Þrjónaðu 4 sléttar saman
2. *Stingdu vinstra þrjóni framan í lykkjuna á hægri þrjóni, frá vinstri til hægri, þrjónaðu lykkjuna* Endurtaktu frá *-* 6 sinnum. Þetta býr til keðjulykkjur.
3. Þrjónaðu 3 sléttar saman
4. Felldu af 1 lykkju með því að velta fremri lykkjunni á hægri þrjóni yfir seinni lykkjunni á sama þrjóni og af.

Endurtaktu skref 2-4 þar til 4 lykkjur eru eftir. Gerðu þá fyrsta skrefið, 4 sléttar saman, felldu 1 lykkju af. Slíttu frá og dragðu í gegnum síðustu lykkjuna. Hver „þrjónaðu 3 sléttar saman“ raðast upp með munstrinu og loka lafinu.

FRÁGANGUR

Gakktu frá endum, þvoðu og leggðu svo í mál. Til að leggja í mál getur þú annað hvort notast við strekkivíra til að móta þríhyrninginn, eða títuprjóna.

ÞRJÓNATÁKN



1 ÓPRJÓNUÐ, 1 SLÉTT



SLÉTT



ENGIN LÝKKJA



SLÁ UPP



2 SLÉTT SAMAN




2 SNÚNAR SLÉTT SAMAN



**3 Í 1 (2 ÓPRJÓNADAR, 1 SLÉTT,
STEYÐRA ÓPRJÓNUÐU YFIR)**

B



Prjónaleiðbeiningar fyrir A. Ath: **1 slétt** sýnir miðlykkju.

1. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt * slá upp, 1 slétt, slá upp *, **1 slétt**, endurtakið frá * til *, 3 slétt
2. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt, brugðið þar til 3 eru eftir, 3 slétt (13 l)
3. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt * slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp *, **1 slétt**, endurtaka frá * til *, 3 slétt (21 l)
5. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt, * slá upp, 2 slétt saman, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, 2 snúnar slétt saman, slá upp, * **1 slétt**, endurtaka frá * til *, 3 slétt (25 l)
7. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt, * slá upp, 2 slétt saman, 2 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 slétt, 2 snúnar slétt saman, slá upp * **1 slétt**, endurtaka frá * til *, 3 slétt (29 l)
9. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt * slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 snúnar slétt saman, 5 slétt, 2 slétt saman, slá upp, 1 slétt, slá upp *, **1 slétt**, endurtaka frá * til *, 3 slétt (33 l)
11. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt * slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, 2 snúnar slétt saman, 3 slétt, 2 slétt saman, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp * **1 slétt**, endurtaka frá * til *, 3 slétt (41 l).
13. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt * slá upp, 2 slétt saman, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 slétt, 2 snúnar slétt saman, 1 slétt, 2 slétt saman, 2 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, 2 snúnar slétt saman, slá upp * **1 slétt**, endurtaka frá * til *, 3 slétt (45 l).
15. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt * slá upp, 2 slétt saman, 2 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 3 slétt, 3 í 1, 3 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 slétt, 2 snúnar slétt saman, slá upp *, **1 slétt**, endurtaka frá * til *, 3 slétt (49 l)....
17. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt * slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 snúnar slétt saman, 5 slétt, 2 slétt saman, slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 snúnar slétt saman, 5 slétt, 2 slétt saman, slá upp, 1 slétt, slá upp * **1 slétt**, endurtaka frá * til *, 3 slétt (53 l).
19. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt * slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, 2 snúnar slétt saman, 3 slétt, 2 slétt saman, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, 2 snúnar slétt saman, 3 slétt, 2 slétt saman, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, * **1 slétt**, endurtaka frá * til *, 3 slétt (61 l).
21. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt * slá upp, 2 slétt saman, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 slétt, 2 snúnar slétt saman, 1 slétt, 2 slétt saman, 2 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 slétt, 2 snúnar slétt saman, 1 slétt, 2 slétt saman, 2 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, 2 snúnar slétt saman, slá upp * **1 slétt**, endurtaka frá * til * 3 slétt (65 l).
23. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt * slá upp, 2 slétt saman, 2 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 3 slétt, 3 í 1, 3 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 3 slétt, 3 í 1, 3 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 slétt, 2 snúnar slétt saman, slá upp, * **1 slétt**, endurtaka frá * til *, 3 slétt (69 l).
25. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt * slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 snúnar slétt saman, 5 slétt, 2 slétt saman, slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 snúnar slétt saman, 5 slétt, 2 slétt saman, slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 snúnar slétt saman, 5 slétt, 2 slétt saman, slá upp, 1 slétt, slá upp * **1 slétt**, endurtaka frá * til *, 3 slétt (73 l).
27. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt * slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, 2 snúnar slétt saman, 3 slétt, 2 slétt saman, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, 2 snúnar slétt saman, 3 slétt, 2 slétt saman, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, 2 snúnar slétt saman, 3 slétt, 2 slétt saman, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp * **1 slétt**, endurtaka frá * til *, 3 slétt (81 l).
29. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt * slá upp, 2 slétt saman, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 slétt, 2 snúnar slétt saman, 1 slétt, 2 slétt saman, 2 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 slétt, 2 snúnar slétt saman, 1 slétt, 2 sétt saman, 2 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 slétt, 2 snúnar slétt saman, 1 slétt, 2 slétt saman, 2 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, 2 snúnar slétt saman, slá upp * **1 slétt**, endurtaka frá * til *, 3 slétt (85 l).
31. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt * slá upp, 2 slétt saman, 2 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 3 slétt, 3 í 1, 3 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 3 slétt, 3 í 1, 3 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 3 slétt, 3 í 1, 3 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 slétt, 2 snúnar slétt saman, slá upp * **1 slétt**, endurtaka frá * til *, 3 slétt (89 l)
33. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt, * (slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 snúnar slétt saman, 5 slétt, 2 slétt saman) 4x, slá upp, 1 slétt, slá upp * **1 slétt**, endurtaka frá * til *3 slétt. (93 l).

35. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt, * slá upp, 1 slétt, (slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, 2 snúnar slétt saman, 3 slétt, 2 slétt saman, 1 slétt) 4x, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, * **1 slétt**, endurtaka frá * til *3 slétt. (101 l)
37. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt * slá upp, 2 slétt saman, 1 slétt, (slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 slétt, 2 snúnar slétt saman, 1 slétt, 2 slétt saman, 2 slétt) 4x, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, 2 snúnar slétt saman, slá upp * **1 slétt**, endurtaka frá * til *, 3 slétt (105 l)
39. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt * slá upp, 2 slétt saman, 2 slétt, (slá upp, 1 slétt, slá upp, 3 slétt, 3 í 1, 3 slétt), 4x, slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 slétt, 2 snúnar slétt saman, slá upp *, **1 slétt**, endurtaka frá * til *, 3 slétt. (109 l)
41. umf: Eins og 33. umf: nema 5x, (113 l)
43. umf: Eins og 35. umf: nema 5x, (121 l)
45. umf: Eins og 37. umf: nema 5x, (125 l)
47. umf: Eins og 39. umf: nema 5x, (129 l)
49. umf: Eins og 33. umf: nema 6x, (133 l)
51. umf: Eins og 35. umf: nema 6x, (141 l)
53. umf: Eins og 37. umf: nema 6x, (145 l)
55. umf: Eins og 39. umf: nema 6x, (149 l)
57. umf: Eins og 33. umf: nema 7x, (153 l)
59. umf: Eins og 35. umf: nema 7x, (161 l)
61. umf: Eins og 37. umf: nema 7x, (165 l)
63. umf: Eins og 39. umf: nema 7x, (169 l)
65. umf: Eins og 33. umf: nema 8x, (173 l)
67. umf: Eins og 35. umf: nema 8x, (181 l)
69. umf: Eins og 37. umf: nema 8x, (185 l)
71. umf: Eins og 39. umf: nema 8x, (189 l)
73. umf: Eins og 33. umf: nema 9x, (193 l)
75. umf: Eins og 35. umf: nema 9x, (201 l)
77. umf: Eins og 37. umf: nema 9x, (205 l)
79. umf: Eins og 39. umf: nema 9x, (209 l)
81. umf: Eins og 33. umf: nema 10x, (213 l)
83. umf: Eins og 35. umf: nema 10x, (221 l)
85. umf: Eins og 37. umf: nema 10x, (225 l)
87. umf: Eins og 39. umf: nema 10x, (229 l)
89. umf: Eins og 33. umf: nema 11x, (233 l)
91. umf: Eins og 35. umf: nema 11x, (241 l)
93. umf: Eins og 37. umf: nema 11x, (245 l)
95. umf: Eins og 39. umf: nema 11x, (249 l) .

Þegar þú hefur lokið við umferð 96 (rangan) ertu tilbúin í mynstur B. Ef þú vilt hafa sjalið minna þá hættir þú þegar 80 umferðir eru búnar og ef að það á að vera lítið þá hættirðu eftir umferð 64. Ef þú vilt hafa stærra sjal þá bætirðu við 16 umferðum fyrst 12 endurtekningar og síðan 13. Ef þú hefur gert fleiri eða færri umferðir heldur en mynstur A segir til um þarftu að hagræða mynstri B. Annað hvort fækkur endurtekningum milli stjarna (*) eða fjölgar

Breiðletraða 1 slétt er miðjan.

1. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt, * slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 snúnar slétt saman, 2 slétt, slá upp, 2 snúnar slétt saman, slá upp, 2 slétt, 3 í 1, 2 slétt, slá upp, 2 slétt saman, slá upp, 2 slétt, 2 slétt saman *, endurtakið frá * til * 5x, slá upp, 1 slétt, slá upp, **1 slétt**, endurtakið frá * til * 6x, slá upp, 1 slétt, slá upp, 3 slétt (253 l).

3. umf: 1 óprjónuð, 2 slétt, * slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 snúnar slétt saman, 2 slétt, slá upp, 2 snúnar slétt saman, slá upp, 1 slétt, 3 í 1, 1 slétt, slá upp, 2 slétt saman, slá upp, 2 slétt, 2 slétt saman *, endurtakið frá * til * 5x, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, **1 slétt**, endurtakið frá * til * 6x, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 1 slétt, slá upp, 3 slétt (285 l).

slá upp, 2 snúna slétt saman, slá upp, endurtakið frá * til * 6x, 2 snúna slétt saman, 1 slétt, 2 slétt saman, slá upp, 2 slétt saman, slá upp, 2 slétt saman, slá upp, 2 slétt saman, slá upp, 1 slétt, slá upp, 2 snúna slétt saman, slá upp, 2 snúna slétt saman, slá upp, 2 snúna slétt saman, slá upp, 2 snúna slétt saman, 1 slétt, 2 slétt saman, slá upp, 2 slétt saman, 2 slétt (353 l).

Til eru alla vega 2 aðferðir til að klára sjalið, svo kölluð icord

prjónuð: <http://garnstudio.com/lang/en/video.php?id=86&sort=2&thumbnails=on>

og heklud: <http://garnstudio.com/lang/en/video.php?id=177&sort=2&thumbnails=on>



2 snúna slétt saman= taktu 2 lykkjur óprjónaðar, eina í einu, eins og þú sért að fara að prjóna þær sléttar, færið þær aftur beint yfir á vinstri prjón og prjónar þær saman með því að fara aftan í þær – prjónið þær saman snúna, það er líka hægt að taka eina óprjónaða og prjóna næstu lykkju steypa síðan óprjónuðu yfir.

3 í 1= tekur 2 lykkjur í einu óprjónaðar, prjónar eina, steypir óprjónuðu lykkjunum yfir (þá verður miðjulykkjn efst)

Höfundarréttur

Haruni

Höfundarréttur Emily Ross

Allur réttur áskilinn. Um þessa uppskrift gilda höfundarréttarlög.

Þetta mynstur er eingöngu til eigin nota.

Þú mátt prenta þetta út hvort heldur allt eða hluta en bara fyrir þig.

Þú mátt vista þetta skjal í tölvunni þinni til eigna og uppsláttar.

Þetta skjal má hvorki afrita í heild né hluta án þess að geta um höfund.

Þú mátt selja sjöl sem þú hefur prjónað eftir þessari uppskrift ef þú vísar á uppskriftina og höfund hennar.

Þetta er bandarísk hönnun.

Við erum að vinna með sjálfbodaliðum í þýðingum til að geta haft þessa uppskrift fría á sem flestum tungumálum.